

Uppgjör HB Granda hf. á þriðja ársfjórðungi 2014
Rekstur þriðja ársfjórðungs ársins 2014

Rekstrartekjur samstæðunnar á þriðja ársfjórðungi voru 68,3 m€ á móti 50,7 m€ á þriðja ársfjórðungi 2013.

EBITDA nam 26,4 m€ á þriðja ársfjórðungi í ár en 14,9 m€ á sama tímabili 2013.

Hagnaður á þriðja ársfjórðungi var 20,0 m€ samanborið við 9,7 m€ í fyrra.

Birgðir aukast um 15,9 m€ og viðskiptakröfur um 13,3 m€ frá áramótum og liggur meginskýringin í árstíðasveiflum.

Norðanfiskur ehf. er hluti af samstæðureikningi frá 22. maí 2014.

Rekstrarreikningur - Lykiltölur				
í þúsundum evra	3F2014	3F2013	9M2014	9M2013
Seldar vörur	68.322	50.699	155.584	150.009
Kostnaðarverð seldra vara	(38.805)	(34.244)	(104.864)	(106.551)
Vergur hagnaður	29.517	16.455	50.720	43.458
Aðrar tekjur	45	0	1.368	0
Útflutningskostnaður	(3.979)	(3.315)	(9.367)	(9.380)
Annar rekstrarkostnaður	(2.502)	(1.391)	(6.685)	(3.960)
Rekstrarhagnaður	23.081	11.749	36.036	30.118
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	427	(705)	(879)	2.236
Áhrif hlutdeildarfélaganna	1.865	1.098	3.655	(404)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	25.373	12.142	38.812	31.950
Tekjuskattur	(5.386)	(2.471)	(8.257)	(6.057)
Hagnaður tímabilsins	19.987	9.671	30.555	25.893
EBITDA	26.376	14.865	45.029	39.004

Rekstur fyrstu níu mánaða ársins 2014

Rekstrartekjur HB Granda hf. á fyrstu níu mánuðum ársins 2014 námu 155,6 m€, samanborið við 150,0 m€ árið áður. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) var 45,0 m€ eða 28,9% af rekstrartekjum, en var 39,0 m€ eða 26,0% árið áður. Áhrif fjáreignatekna og fjármagnsgjalda voru neikvæð um 0,9 m€, en voru jákvæð um 2,2 m€ á sama tíma árið áður. Áhrif hlutdeildarfélaganna voru jákvæð um 3,7 m€, en voru neikvæð um 0,4 m€ árið áður. Hagnaður fyrir tekjuskatt var 38,8 m€ og hagnaður tímabilsins var 30,6 m€ á móti 25,9 m€ fyrstu níu mánuði ársins 2013.

Efnahagur

Heildareignir félagsins námu 390,5 m€ í lok september 2014. Þar af voru fastafjármunir 296,0 m€ og veltufjármunir 94,5 m€. Eigið fé nam 215,6 m€ og eiginfjárlutfall í lok september var 55,2%, en var 60,5% í lok árs 2013. Heildarskuldir félagsins voru í septemberlok 174,9 m€.

Efnahagsreikningur 30.09.2014 - Lykiltölur		
í þúsundum evra	30.09.2014	31.12.2013
Fastafjármunir	295.957	271.355
Veltufjármunir	94.553	64.903
Eignir samtals	390.510	336.258
Eigið fé	215.629	203.484
Langtímaskuldir	59.592	72.301
Skammtímaskuldir	115.289	60.473
Eigið fé og kuldir samtals	390.510	336.258

Sjóðstreymi

Handbært fé frá rekstri nam 14,9 m€ á tímabilinu, en nam 30,8 m€ á sama tímabili fyrra árs. Fjárfestingarhreyfingar námu 30,8 m€, þar af nam fjárfesting vegna smíði nýrra skipa 20,9 m€. Fjármögnunarhreyfingar voru jákvæðar um 15,7 m€, þar af nam aukning skammtímalána 40,3 m€. Handbært fé lækkaði því um 0,3 m€ og var í lok september 12,0 m€.

Sjóðstreymi - Lykiltölur	9M2014	9M2013
í þúsundum evra		
Handbært fé frá rekstri	14.855	30.793
Fjárfestingarhreyfingar	(30.808)	(15.675)
Fjármögnunarhreyfingar	15.658	(20.784)
Breyting á handbæru fé	(295)	(5.666)
Handbært fé í lok tímabilsins	11.978	2.973

Meginniðurstöður færðar til íslenskra króna

Séu niðurstöður rekstrarreiknings reiknaðar til íslenskra króna á meðalgengi fyrstu níu mánaða ársins 2014 (1 evra = 154,8 kr) verða tekjur 24,1 milljarðar króna, EBITDA 7,0 milljarðar og hagnaður 4,7 milljarðar. Séu niðurstöður efnahagsreiknings reiknaðar til íslenskra króna á gengi 30. september 2014 (1 evra = 152,3 kr) verða eignir samtals 59,5 milljarðar króna, kuldir 26,6 milljarðar og eigið fé 32,8 milljarðar.

Skipastóll og afli

Skipafloði félagsins var óbreyttur á tímabilinu. Unnið er að smíði tveggja nýrra uppsjávarveiðiskipa í Tyrklandi. Gert er ráð fyrir að fyrra skipið verði afhent í apríl á næsta ári og það síðara í lok ársins 2015. Einnig er verið að leggja lokahönd á hönnun og teikningar þriggja nýrra ísfisktogara sem samið hefur verið um smíði á.

Uppgjör HB Granda hf. á þriðja ársfjórðungi 2014

Á fyrstu níu mánuðum ársins 2014 var afli skipa félagsins 41 þúsund tonn af botnfiski og 94 þúsund tonn af uppsjávarfiski.

Sala eignarhlutar í Stofnfiski

Þann 21. nóvember var gengið frá samkomulagi um sölu á eignarhlut í Stofnfiski hf. Söluverðið nemur 12,0 m€ og er áætlaður söluhagnaður eignarhlutans 3,6 m€.

Kynningarfundur þann 27. nóvember 2014

Opinn kynningarfundur um afkomu félagsins á þriðja ársfjórðungi verður haldinn fimmtudaginn 27. nóvember klukkan 08:30 í höfuðstöðvum félagsins að Norðurgarði 1. Vilhjálmur Vilhjálmsson forstjóri mun kynna uppgjórið og svara spurningum.

Samþykkt árshlutareiknings

Árshlutareikningur var samþykktur á stjórnarfundum HB Granda hf. 26. nóvember 2014. Árshlutauppgjör HB Granda hf. er í samræmi við alþjóðlega reikningssskilastaðla (IFRS – International Financial Reporting Standards). Árshlutauppgjórið hefur ekki verið kannað af endurskoðendum félagsins.

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Vilhjálmur Vilhjálmsson forstjóri, sími 858-1007.